# Jafnlaunastefna Þarfaþings hf

Þarfaþing hf leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna.

Markmið Þarfaþings er að gera starf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti fyrir starfsfólk þar sem allir starfsmenn hafa jöfn tækifæri og með því tryggja félaginu stöðu í fremstu röð. Til þess að svo megi vera er nauðsynlegt að stjórn félagsins og framkvæmdarstjóri hafi heimild til að bjóða laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum félögum. Laun hjá félaginu eiga að vera samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.

Stjórnendur skuldbinda sig til að fara eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Þarfaþing hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Þarfaþing skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Þarfaþing skuldbindur sig til að:

- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni.
- Bregðast við óútskýrðum launamun.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma skv. lögum 150/2020.

Hafnarfjörður 2025

Stjórn Þarfaþings hf

Finnur Árnason, form. Sólveig Sigurþórsdóttir Eggert E. Jónsson